



**BS ritgerð
í viðskiptafræði**

„Það er ís á milli Íslendinga og útlendinga“
Upplifun hælisleitenda frá Mið-Austurlöndum af íslensku
samfélagi

Jóhann Andri Gunnarsson

Leiðbeinandi: Dr. Erla S. Kristjánsdóttir
Júní 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

„Það er ís á milli Íslendinga og útlendinga“
Upplifun hælisleitenda frá Mið-Austurlöndum af íslensku samfélagi

Jóhann Andri Gunnarsson

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Dr. Erla S. Kristjánsdóttir

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2017

„Það er ís á milli Íslendinga og útlendinga“.

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS-prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2017 Jóhann Andri Gunnarsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Svansprent

Kópavogur, 2017

Formáli

Þessi ritgerð er 6 eininga lokaverkefni til BS-gráðu í Viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Bestu þakkir vil ég færa leiðbeinanda mínum, Dr. Erlu S. Kristjánsdóttur fyrir alla aðstoðina, góða leiðsögn og fyrir að veita góð og skjót svör við spurningum mínum varðandi ritgerðina. Ég vil einnig þakka kærustunni minni, Kristínu Sunnu Tryggvadóttur, fyrir ómetanlegan stuðning, hvatningu og styrk varðandi ritgerðarskrifin. Einnig vil ég þakka móður minni, Bergþóru Kristínu Jóhannsdóttur og bræðrum mínum, Davíð Þór Gunnarssyni og Hafþóri Sólberg Gunnarssyni fyrir að prófarkalesa ritgerðina.

Útdráttur

Mikil aukning hefur orðið á flóttamönnum hér á landi á síðustu árum. Stuðningur við flóttamenn og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi hefur lítið verið rannsakaður. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig hælisleitendur aðlagast að íslensku samfélagi. Jafnframt var skoðað hvernig stuðning þeir fá og hvaða áhrif það hefur á aðlögunarferlið. Framkvæmd var eiginleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við þrjá flóttamenn sem höfðu fengið hæli á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að aðlögunarferli flóttamanna byggist á samspili margra þátta og þurfa sumir á meiri hjálp og stuðning að halda en aðrir. Þemagreining leiddi í ljós að fjórir þættir virtust hafa mest áhrif á aðlögun flóttamanna en það eru menning, tungumál, stuðningur og atvinna. Þessir þættir virtust vinna saman í aðlögunarferlinu og mikilvægi þess að aðlagast á öllum sviðum kom í ljós.

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Útdráttur.....	5
1 Inngangur.....	8
2 Fræðilegur bakgrunnur.....	9
2.1 Aðlögunarferli flóttamanna.....	10
2.2 Áhrifaþættir í aðlögun flóttamanna.....	11
2.2.1 Tungumál.....	11
2.2.2 Menning.....	12
2.2.3 Rasismi.....	12
2.2.4 Atvinna.....	13
2.3 Aðbúnaður og móttaka flóttamanna.....	14
2.3.1 Móttakan.....	14
2.3.2 Stuðningur.....	14
2.4 Málsmeðferðin.....	15
2.5 Stefna stjórnvalda.....	17
2.6 Réttarheimildir.....	17
2.6.1 Lög og reglugerðir.....	17
2.6.2 Schengen samstarfið og Dyflinnarreglugerðin.....	17
3 Aðferðarfræði.....	19
4 Niðurstöður.....	21
4.1 Menningarmunur og tungumálaörðugleikar.....	21
4.2 Fordómar.....	22
4.3 Opinber aðstoð.....	22
4.4 Ótti og óöryggi.....	23

5	Umræður	25
6	Lokaorð	28
	Heimildaskrá	29
	Fylgiskjal 1: Viðtalsrammi	32

1 Inngangur

Nú á tímum hafa fólksflutningar aukist töluvert. Fólk flytur mikið á milli landa og sest að fyrir utan sitt heimaland. Ástæður fyrir þessum fólksflutningum eru margskonar en oft er talað um tvenns konar flutninga en það eru valinn flutningur (e. voluntary migration) og þvingaður flutningur (e. forced migration) (Betts, 2009). Þeir sem velja að flytjast frá sínu heimalandi gera það vegna atvinnutilboða, til að flytja nær fjölskyldu eða annarra svipaðra ástæðna á meðan þeir sem eru þvingaðir til flutninga gera það til að forðast stríðsátök og mannréttindabrot. Mikil stríðsátök í heiminum hafa fjölgað þeim sem eru þvingaðir til þess að flytjast frá sínum heimaslóðum og koma sér fyrir í öðru landi þar sem þeir leitast eftir því að lifa öruggu lífi. Þessir einstaklingar eru flokkaðir sem flóttafólk og eru viðfangsefni þessarar ritgerðar (Byrne, 2016).

Hér verður fjallað um málefni hælisleitenda og leitast verður við að skoða hvernig þeir ná að aðlagast íslensku samfélagi. Til þess að gera það verður horft til þess stuðnings sem í boði er fyrir hælisleitendur, bæði áður en þeir fengu veitt hæli og eftir, og litið til hvernig þeir upplifa viðhorf almennings til sín og annarra hælisleitenda. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast betri skilning á málefnum hælisleitenda og kanna hvað má betur fara við aðlögunarferli þeirra. Rannsóknarspurningar verkefnisins eru: Hvernig upplifa hælisleitendur Ísland og hvernig er viðmót Íslendinga gagnvart hælisleitendum?

Við þessa rannsókn var notast við eiginlega rannsóknaraðferð og voru niðurstöður svo þemagreindar með rannsóknarefnið til hliðsjónar.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Mikil fjölgun hefur orðið á flóttafólki síðustu ár vegna stríðsátaka og annarra mannréttindabrota víðsvegar í heiminum. Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna var í júní 2016 talið að 65,3 milljónir manna væru á flótta og er það mesti fjöldi sem mælst hefur (United Nations High Commisinars for Refugees [UNHCR], 2016). Ísland er ekki undanskilið þegar kemur að flóttafólki. Þessi mikla aukning á fólksflótta í heiminum hefur leitt til mikillar fjölgunar á hælisumsóknum á Íslandi. 1132 einstaklingar sóttu um vernd á Íslandi árið 2016 og á fyrstu þrem mánuðum ársins 2017 hafa 223 sótt um vernd. Þetta er mikil aukning á umsóknum en ef litið er til ársins 2015 þá sóttu aðeins 354 um vernd hér á landi (Innanríkisráðuneytið, 2016)

Gerður er greinarmunur á flóttamönnum annarsvegar og hælisleitendum hins vegar. Flóttamenn eru þeir sem hafa fengið hæli vegna ótta við ofsóknir í sínu heimalandi eða vegna annarra ástæðna samkvæmt lögum. Hælisleitandi er hins vegar sá aðili sem hefur sótt um hæli án tillits til þess hvort hann telst vera flóttamaður (Útlendingastofnun [UTL], e.d.).

Árið 1951 var haldin ráðstefna um málefni flóttamanna í Genf í Sviss. Þar var gerður samningur (hér eftir nefndur Flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna) sem 145 þjóðir hafa samþykkt í dag (UNHCR, e.d.). Í þessum samningi er farið yfir skyldur þjóða gagnvart flóttamönnum og réttindi þeirra útlistuð. Þar er einnig skilgreint hvað er að vera flóttamaður, en samkvæmt samningnum er flóttamaður skilgreindur sem sá sem er utan heimalands síns og af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar, stjórnmálaskoðana eða aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum og getur ekki eða vill ekki, vegna ástæðuríks ótta, notast við vernd þess lands. Einnig getur flóttamaður verið sá sem er ríkisfangslaus og er utan þess lands sem hann hafði reglulega aðsetur, vegna ofsókna og getur ekki eða vill ekki snúa þangað aftur vegna ótta. Í samningnum er kveðið á um að þær þjóðir sem hafa samþykkt hann skuldbinda sig til þess að mismuna ekki flóttamönnum eftir kynþætti, trúarbrögðum eða þjóðerni. Þá var samþykkt að ekki væri hægt að refsa flóttamönnum fyrir að brjóta innflytjendalög hvers ríkis og að ekki megi senda flóttamenn aftur til heimalands síns til að svara til saka fyrir glæpi vegna þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar eða stjórnmálaskoðana. Þessir skilmálar

eiga þó eingöngu við ef aðili uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í skilgreiningu á flóttamönnum (United Nations, e.d.).

Ísland samþykkti Flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna þann 30. nóvember árið 1955 (UNCHR, e.d.) og tók hann gildi 1. mars 1956 (Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna nr. 74/1955). Samningurinn í heild er ekki lögfestur á Íslandi, en ásamt því að vera skuldbundið gagnvart Sameinuðu þjóðunum til að virða samninginn hefur Alþingi sett lög sem byggja á honum. Á meðal þeirra eru Útlendingalögin en í þeim er hugtakið flóttamaður skilgreint í samræmi við Flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna (Lög um útlendinga nr. 80/2016).

Það flóttafólk sem kemur til Íslands er hægt að skipta í tvo flokka. Annars vegar þeir sem koma hingað á eigin vegum og hins vegar svokallaðir kvótaflóttamenn. Kvótaflóttamenn eru flóttamenn sem hafa flúið heimaland sitt en hafa ekki kost á því að vera í dvalarlandinu né fara aftur heim. Þessir flóttamenn hafa þegar fengið veitt hæli þegar þeir koma til Íslands ólíkt þeim sem koma á eigin vegum. Þeir kvótaflóttamenn sem hingað koma eru hluti af þeim flóttamönnum sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að taka á móti samkvæmt alþjóðlegum samþykktum (Velferðarráðuneytið, 2008).

2.1 Aðlögunarferli flóttamanna

Samkvæmt orðabók Webster er aðlögun (e. integration) meðal annars skilgreind sem það að sameinast samfélagi eða stofnun, sem einstaklingar af mismunandi kynþætti á jafnréttisgrundvelli (Merriam-Webster, e.d.)

Aðlögunarferlið sjálf er flókið og margslungið. Í því felst að bæði samfélagið og flóttamaðurinn hafa ákveðin réttindi en einnig hafa þau skyldum að gegna í þeim tilgangi að flóttamaðurinn upplifi sig sem virkan þegn í hinu nýja samfélagi og hafi réttu tólin til að gera það að veruleika (European Commission, 2010).

Þegar talað er um aðlögun flóttamanna eru fjögur hugtök oft notuð til að flokka hvernig aðlögunarferlið tekst til. Þau eru samlögun (e. assimilation), samþætting (e. integration), aðskilnaður (e. separation) og einangrun (e. marginality) (Berry, 1997). Samlögun er það þegar flóttamenn breyta algjörlega um menningu, segja skilið við sína eigin og taka upp menningu og tungumál nýja landsins. Þetta getur komið fram í ýmsum myndum, allt frá því að endurskilgreina þjóðerni sitt eða tileinka sér tungumál hins nýja lands og varðveita ekki sitt eigið. Markmið samlögunar er að falla sem best inn í hópinn í

nýja landinu með því að öðlast menningarlega færni í samfélagi meirihlutans og á móti loka á menningareinkenni upprunalandsins. Samþætting felur í sér að aðilar sem flytja til nýs lands reyna að taka upp menningu nýja landsins en leggja sig fram við að halda í menningu og tungu heimalandsins. Þetta getur reynst mörgum erfitt þar sem færni í tveimur menningarheimum er þörf og geta þessir heimar verið mjög ólíkir. Aðskilnaður er, eins og orðið gefur til kynna, þegar flóttamenn aðlagast illa að nýju þjóðfélagi. Í þessum aðstæðum er það oft þannig að flóttamönnum er komið fyrir á afmörkuðu svæði þar sem þeir eru ekki í beinni tengingu við fólk og menningu nýja landsins. Einangrun er það kallað þegar einstaklingur nær ekki að tengja við nýjan menningarheim og nær ekki heldur að halda tengslum við sína upprunalegu menningu (Berry, 1997).

2.2 Áhrifapættir í aðlögun flóttamanna

Það eru margir mismunandi þættir sem geta haft áhrif á aðlögun flóttamanna á Íslandi. Þeir einstaklingar sem koma hingað eru jafn mismunandi og þeir eru margir og eru misvel í stakk búnir að takast á við það sem bíður þeirra við komuna til Íslands. Menntun, tungumálakunnátta, fjölskyldan og ekki síst móttökurnar og stuðningurinn við komuna til landsins geta haft veruleg áhrif á hvernig flóttamönnum farnast í nýju landi. Hafa ber í huga að þeir flóttamenn sem hingað koma hafa komið hingað af illri nauðsyn þar sem aðstæður í heimalandinu bjóða ekki upp á áframhaldandi líf (Hegarty og Leonard, 1999).

2.2.1 Tungumál

Þegar einstaklingur flytur frá sínu heimalandi og sinni menningu þarf hann að takast á við margskonar áskoranir til að aðlagast á nýjum stað. Ein af þessum áskorunum er að læra tungumálið. Til að geta átt samskipti við heimamenn og geta upplifað menningu þeirra er mikilvægt að ná tökum á tungumáli þeirra (Sharp, 1994). Áhrif tungumálsins á aðlögun flóttamanna hefur verið rannsökuð, en Feng Hou og Mortin Beiser (2006) gerðu rannsókn yfir tíu ára tímabil á því hvernig tungumálakunnátta getur haft áhrif á aðlögun. Þar komust þeir að því að þeir sem lærðu tungu landsins áttu auðveldara með að fá vinnu og eiga samskipti við fólk, sem hjálpaði þeim að aðlagast betur (Hou og Beiser, 2006). Allir flóttamenn sem koma hingað til lands eiga rétt á kennslu í íslensku í eitt ár frá komudegi (Velferðarráðuneytið, 2013).

2.2.2 Menning

Menning hefur verið skilgreind sem hin flókna heild sem inniheldur þekkingu, trú, list, siðferði, lög, venjur og aðra getu og vana sem manneskjan hefur tileinkað sér sem hluti af samfélagi (Taylor, 1974).

Rannsóknir sem hafa verið gerðar á menningu og menningarmun benda til þess að fólk sem kemur frá Mið-Austurlöndum eigi í vandræðum með að aðlagast vegna andúðar á vestrænni menningu í þeirra heimalöndum. Í þessum rannsóknum hefur einnig komið fram að aðlögun að menningu skiptir miklu máli þegar kemur að öðrum þáttum eins og fordómum. Þar kemur fram að þeir sem aðlagast betur að menningu lands verða síður fyrir fordómum frá innfæddum en þeir sem aðlagast illa (Hosseini-Kaladjahi, 1997).

2.2.3 Rasismi

Rasismi er skilgreindur sem fordómar, mismunun eða fjandskapur sem beinist gegn einhverjum af öðrum kynþætti og byggir á þeirri trú að manns eigin kynþáttur sé æðri (English Oxford Living Dictionary, e.d.).

Mikil aukning hefur orðið á íslamfælni (e. islamophobia) á Vesturlöndum síðustu ár og allt frá árásunum á Tvíburaturnana 11. september 2001 (Sheridan, 2006). Vesturlandabúar hafa búið til ákveðna staðalmynd um fólk frá Mið-Austurlöndum þar sem allir fylgja íslam, konur hylja andlit sín vegna skipana frá karlmönnum fjölskyldunnar og að allir séu öfga múslimar sem vilja taka yfir heiminn og eyðileggja vestræna menningu. Það er þó langt því frá að allir í Mið-Austurlöndum séu fylgjendur íslam, þó vissulega meirihlutinn séu múslimar. Mið-Austurlönd hýsa hins vegar ekki stærstan part af múslimum þar sem fjölmennustu múslimaríkin eru Pakistan, Indland, Indónesía og Bangladesh (Gottschalk og Greenberg, 2008). Þessi staðalmynd hefur færst yfir á flóttafólk og er það nú svo að margir telja að allt flóttafólk sem streymir til Evrópu séu múslimar sem komi í þeim tilgangi að íslamvæða heiminn (Kincheloe og Steinberg, 2004). Ísland er engin undantekning á þessu en samkvæmt rannsóknum hafa meira en 70% innflytjenda orðið fyrir einhverjum fordómum eftir komuna til Íslands (Elsa Arnardóttir og Rúnar Helgi Haraldsson, 2014). Það hefur sýnt sig að fordómar gera útlendingum erfiðara fyrir en ella að aðlagast nýju samfélagi en fordómar geta skaðað atvinnuleit og félagslega tengingu við landið og einstaklinga þess (Félagsmálaráðuneytið, 2005). Fordómar geta haft margar birtingarmyndir, bæði líkamlegar og munnlegar en einnig geta þeir birst í

hunsun. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að fordómar sem felast í hunsun og útilokun geta haft mjög slæm áhrif á einstaklinga, bæði andlega og líkamlega (Martin og Nakayama, 2014). Til þess að aðlagast samfélagi þarf samfélagið að vera tilbúið að taka vel á móti einstaklingum og koma fram við þá sem jafningja. Rannsóknir hafa sýnt fram á að einstaklingar sem reyna að aðlagast slíkum samfélögum eiga mun auðveldara með að koma sér fyrir og aðlagast heldur en þeir sem mæta miklum fordómum frá samfélaginu. Það hefur sýnt sig að innflytjendur þurfa á stuðningi að halda og hafa þörf fyrir það að finnast þeir vera velkomnir á svæðið (Hanasono, Chen og Wilson, 2014).

Nú þegar stríð geysa í Mið-Austurlöndum ásamt vaxandi hungursneyð í Afríku hefur fjöldi flóttafólks aldrei verið meiri. Flóttafólk streymir yfir Miðjarðarhafið til Evrópu og hefur það búið til mikla spennu milli heimamanna og flóttafólks. Íbúar Vesturlanda vilja margir hverjir ekki taka á móti öllum þessu flóttafólki og telja það vera vaxandi ógn við frið í Evrópu (Morgan og Poynting, 2016). Þetta hefur sýnt sig með vaxandi uppgangi hægri afla í stjórnámálum, meðal annars með kosningu Donald Trump til forseta Bandaríkjanna og góðum kosningaúrslitum fyrir önnur hægri öfl í Evrópu, en þessar stefnur hafa verið kenndar við að ala á hatri gagnvart múslimum og öðrum minnihlutahópum (Pettigrew, 2017).

2.2.4 Atvinna

Til að geta séð fyrir sér og fjölskyldu sinni er mikilvægt að geta aflað tekna. Til að geta aflað tekna þarf að hafa atvinnu og er það veigamikill þáttur í lífi fólks í dag. Atvinnuþátttaka flóttafólks hefur verið mikið rannsökuð og er það einróma niðurstaða fræðimanna að þátttaka í atvinnulífinu hjálpar gríðarlega við að aðlagast nýju landi (Bloch, 2007). Í rannsókn sem gerð var á kanadískum innflytjendum kom í ljós að þeir voru vannýttir og þeirra menntun og þekking var ekki nýtt jafnvel og mögulegt var (Bauder, 2003).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til þess að tungumálaörðugleikar og fordómar aftra flóttamönnum og öðrum innflytjendum að fá starf við hæfi og í sumum tilvikum að fá starf yfir höfuð (Bloch, 2007).

2.3 Aðbúnaður og móttaka flóttamanna

Þegar fólk flýr heimaland sitt er það yfirleitt vegna þess að þeir sjá ekki fram á að geta lifað nema að flýja heimahagana og reyna að finna betra líf á öðrum stað. Margir hverjir þurfa að flýja með einungis það sem þeir geta borið og oft er það mjög lítið þar sem þeir þurfa að ferðast langar vegalengdir til að komast í öruggt skjól. Það er því oft þannig að flóttamenn koma ekki með neitt með sér nema fötin sem þeir klæðast og því þarf að veita þeim mikinn stuðning við að koma undir sig fótunum. Í mörgum tilfellum hefur einstaklingur eða fjölskyldan þurft að borga stóran hluta af ævisparnaðinum til að komast frá heimalandinu og er því ekki í stakk búin til að kaupa íbúð og innanstokksmuni til að lifa eðlilegu lífi (Streeck, 2016). Það er hlutverk ríkis og sveitarfélaga að veita flóttamönnum þennan stuðning (Velferðarráðuneytið, e.d.).

2.3.1 Móttakan

Sú móttaka sem flóttamenn fá er mismunandi eftir því hvernig þeir koma hingað til lands, það er að segja hvort þeir koma hingað löglega eða ólöglega. Kvótaflóttamenn, sem hafa þegar fengið hæli hér á landi við komuna, fá húsnæði sem þegar er búið að finna fyrir þá og þar að auki fá þeir mikinn stuðning frá sveitarfélagi sínu við að koma undir sig fótunum (Eyjan, 2008).

Þeir aðilar sem koma hingað ólöglega fá hins vegar ekki sama stuðning og kvótaflóttamenn. Þeir koma til Íslands með skipi eða flugvél og sækja um hæli. Við tekur langt og strangt ferli og barátta við kerfið og mikil óvissa um hvort að leyfi til að vera á Íslandi fáist.


2.3.2 Stuðningur

Kvótaflóttamenn fá mikinn stuðning við komuna enda eru það stórir hópar af fólki og oftar en ekki er það fjölskyldufólk sem fær hæli. Því þarf það að fá öðruvísi stuðning en þeir sem koma einir, þar á meðal stuðningur við alla fjölskylduna með húsnæði, mat, skóla- eða leikskólavist og margt fleira. Eins og áður hefur komið fram hafa verið settar reglur um móttöku flóttamanna og þar kemur fram að flóttamenn eiga að fá stuðning frá viðeigandi aðilum fyrsta árið á Íslandi (Velferðarráðuneytið, 2013).

2.4 Málsmeðferðin

Í fimmta kafla Útlendingalaganna eru reglur um málsmeðferð hælisumsókna en þær eru nánar útfærðar í þrettánda kafla reglugerðar um útlendinga. Samkvæmt reglugerðinni skal umsókn um hæli vera skrifleg eða munnleg og fara fram hjá lögreglu og tekur hún þar skýrslu af hælisumsækjanda. Þar er hælisleitanda skylt að segja satt og rétt frá og er hann meðal annars spurður út í nafn, ríkisfang, fæðingardag og fæðingarstað, ástæður flóttans og flóttaleið. Mikilvægt er að hælisleitandi skilji rétt sinn og allar spurningar og er því skylt að kalla til túlk ef tungumálaörðugleikar eiga sér stað. Við rannsókn lögreglu er athugað hvort hælisleitandinn hafi sótt um hæli í öðru landi sem er aðili að Dyflinnarsamkomulaginu og hvort hann hafi rétt á að sækja um hæli hér á landi (Reglugerð um útlendinga, nr 53/2003). Lögreglan vísar máli síðan til Útlendingastofnunar sem sér um að ákvarða næstu skref. Fyrsta skref er að rannsaka hvort að umsókn eigi að vísa til einhvers af aðildarríkjum Dyflinnarsamningsins. Ef að umsækjandi hefur sótt um hæli í einhverju öðru aðildarríki getur Útlendingastofnun vísað aðilanum þangað á grundvelli 4. gr, 6.-11. gr. eða 14.-16. gr. reglugerðarinnar. Útlendingastofnun er þó ekki skilt að vísa umsækjanda úr landi og til annars aðildarríkis, ef svo ber undir, heldur er það matsatriði. Þessa ákvörðun hefur umsóknaraðili rétt til að kæra til Innanríkisráðuneytisins, samkvæmt 15. gr. Útlendingalaga. Ef að rannsókn Útlendingastofnunar ber ekki með sér að aðili eigi umsókn í öðru landi þá ber henni að taka umsókn til meðferðar samkvæmt 46. gr. laganna. Meðferð umsóknar getur í kjölfarið leitt til þess að umsókn er samþykkt eða henni hafnað. Umsækjandi hefur rétt til þess að kæra þá niðurstöðu innan 15 daga frá úrskurði (Reglugerð um útlendinga, nr 53/2003; Lög um útlendinga nr. 80/2016). Hér að neðan er skipurit sem lýsir málsmeðferðinni á einfaldan hátt.

Mynd 1 Málsmeðferð hælisleitenda - skipurit



(Júlíana Einarsdóttir, 2013)

2.5 Stefna stjórnvalda

Íslensk stjórnvöld hafa tekið á móti flóttamönnum allt frá árinu 1956. Árið 1995 var sett á stökk Flóttamannaráð Íslands, nú Flóttamannanefnd, og er ætlað að sjá um málefni flóttafólks. Það sama ár var mörkuð ný stefna í móttöku flóttafólks en hún felur í sér að ríkið semur við einstök sveitarfélög sem sjá um flóttafólk fyrsta ár þeirra hér á landi. Frá 1956 hafa 584 einstaklingar komið til Íslands í gegnum þetta kerfi en þeir aðilar sem koma í gegnum kerfið eru svokallaðir kvótaflóttamenn (Velferðarráðuneytið, e.d.).

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Bjartrar framtíðar, Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar er lítillega komið inn á hver stefna þeirra er í málefnum flóttafólks. Þar er einvörðungu komið inn á að taka skuli á móti fleiri kvótaflóttamönnum en ekkert er minnst á aðra flóttamenn og hvernig skuli haga málum með þá (Ritstjórn Kvinnablaðsins, 2017).

2.6 Réttarheimildir

2.6.1 Lög og reglugerðir

Um flóttamenn og meðferð á málefnum þeirra hafa verið sett ákveðin lög og reglugerðir sem stjórnvöldum ber að fara eftir. Eins og fram hefur komið var Flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna samþykktur á Íslandi 30. nóvember 1955 og tók gildi 1. mars ári síðar (Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna nr. 74/1955). Einnig eru hér í gildi lög um útlendinga sem tóku gildi 1. janúar 2017 en í þeim er fjallað um réttindi og skyldur, bæði flóttamanna og stjórnvalda (Lög um útlendinga nr. 80/2016). Einnig eru í gildi reglugerðir um þennan málaflokk og má þar helst nefna Viðmiðunarreglur flóttamannanefnda um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks eins og áður hefur komið fram (Velferðarráðuneytið, 2013).

2.6.2 Schengen samstarfið og Dyflinnarreglugerðin

Ísland hefur verið partur af Schengen samstarfinu frá 25. mars 2001. Markmið samstarfsins er að opna landamærin á milli aðildarþjóðanna og tryggja að íbúar þjóðanna geti ferðast frjálst á milli þeirra (Utanríkisráðuneytið, e.d.).

Önnur málefni sem Schengen samstarfið tekur á eru samræmt eftirlit á ytri landamærum svæðisins ásamt reglum um málsmeðferð vegna hælisumsókna. Sá hluti Schengen samstarfsins sem laut að hælisumsóknum hefur nú verið komið fyrir í

Dyflinnarsamkomulaginu (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2009). Ísland gerðist aðili að Dyflinnarreglugerðinni með undirritun í Brussel 19. janúar 2001 og var samningurinn fullgiltur 28. febrúar sama ár (Stjórnartíðindi, 2001).

3 Aðferðarfræði

Við rannsókn þessa var notast við eigindlega rannsóknaraðferð. Í eigindlegum rannsóknum er lögð áhersla á að skoða upplifun og reynslu viðmælenda. Við val á aðferð þótti eigindleg rannsóknaraðferð henta best þar sem að markmiðið var að fá innsýn inn í hugarheim þeirra hælisleitenda sem voru komnir til landsins og höfðu fengið hæli hér. Markmiðið var að kanna hvernig þeir höfðu náð að aðlagast landi og þjóð. Rannsóknarspurningar verkefnisins eru: Hvernig upplifa hælisleitendur Ísland og hvernig er viðmót Íslendinga gagnvart hælisleitendum?

Tekin voru hálfopin og hálfstöðluð viðtöl en þá er notast við viðtalsramma þar sem viðmælandi er hvattur til að tala um sína upplifun og reynslu. Slík viðtalsaðferð er frekar óformleg og er líkari samtali en viðtali, þar sem viðmælandi fær meira svigrúm til að tjá sig heldur en í lokaðri viðtalsaðferð (Esteberg, 2002). Með því að notast við opnar spurningar fengust upplýsingar um upplifun og reynslu þeirra sem dýpkaði skilning rannsakanda á viðfangsefninu. Spurt var meðal annars um menningarmun, hvort viðmælendur hefðu orðið fyrir fordómum á Íslandi og hvernig viðhorf Íslendinga væri gagnvart hælisleitendum.

Til að komast í samband við viðmælendur var haft samband við Toshiki Toma, prest innflytjenda, en hann benti á þrjá einstaklinga sem voru tilbúnir að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin fóru öll fram á heimilum viðmælenda og tóku á bilinu 20-30 mínútur. Þau voru tekin upp á síma og síðan afrituð orðrétt í tölvu og nöfnum breytt í gervinöfn. Notast var við fyrirbærafræðilega aðferð við túlkun og greiningu gagnanna, en samkvæmt þeirri aðferð er notast við þrjú greiningarstig, lýsingu, samþættingu og túlkun. (Lanigan, 1988). Fyrsta stigið er lýsing, en þar er viðtalið tekið og afritun framkvæmd. Á þessu stigi þarf rannsakandi að gera sér grein fyrir sínum skoðunum og leggja þær til hliðar (Orbe, 1998). Á öðru stigi, samþættingarstigi, eru frásagnir viðmælenda skoðaðar og þemu fara að koma upp. Markmið þessa stigs er að átta sig á hvaða hlutar viðtalsins svara best rannsóknarspurningunum (Orbe, 1998). Á síðasta stiginu eru þau þemu sem birtust dregin saman og túlkuð til að finna það mikilvægasta úr viðtalinu (Lanigan, 1988).

Tekin voru viðtöl við þrjá flóttamenn frá Mið-Austurlöndum. Viðtölin fóru fram bæði á ensku og íslensku en tvö voru á ensku og eitt á íslensku. Þau viðtöl sem voru tekin á ensku voru þýdd yfir á íslensku. Viðmælendurnir þrír höfðu allir fengið hælisumsókn sína

samþykkt og hafa búið á Íslandi á bilinu sex mánuði til tvö ár. Þátttakendur voru upplýstir um viðfangsefni rannsóknarinnar áður en þeir veittu samþykki og var þeim tjáð að fyllsta trúnaðar yrði gætt. Þeir voru upplýstir um að nafnleyndar yrði gætt og að engar rekjanlegar persónuupplýsingar kæmu fram í rannsókninni. Vegna nafnleyndar var notast við þrjú karlmannsnöfn frá Mið-Austurlöndum til að aðgreina þá en þau eru Asar, Mohammad og Osama.

4 Niðurstöður

Aðlögun viðmælenda gekk misvel fyrir sig. Þegar gögnin voru greind spruttu fjögur þemu upp úr gögnunum en þau voru menningarmunur og tungumálaörðugleikar, fordómar, opinber aðstoð og ótti og óöryggi.

4.1 Menningarmunur og tungumálaörðugleikar

Allir viðmælendur voru sammála um að einhver menningarmunur væri á milli Íslands og þeirra heimalands. Asar talaði um hvernig það væri öðruvísi að eiga samskipti við fólk á Íslandi samanborið við heimalandið en hann sagði:

Það er ís á milli Íslendinga og útlendinga en þú getur brotið hann og talað við þá. Í fyrstu var það mjög erfitt fyrir mig að eignast vini. Til dæmis í mínu landi, þá gat ég verið á strætóstoppistöð og eignast vin í manninum við hliðina á mér og við yrðum góðir vinur og færum út saman. Hérna er það öðruvísi, þegar þau segja hvað ertu að gera hérna og segist vera hælisleitandi líta þau öðruvísi á mig.

Hérna lýsir Asar því hvernig viðhorf fólks til hans breytist þegar hann segist vera hælisleitandi. Þegar hann var spurður nánar út í það sagði hann frá því að til væru þrjár týpur af fólki sem hann hafði hitt, fólk sem finnur til vorkunnar, fólk sem vill ekki tala við hann og svo fólk sem vill vita meira um hann og vingast við hann. Þó að Asar virðist niðurbrotinn þegar hann segir frá því hvernig er að kynnast fólki hér á landi, má þó greina bjartsýnistón í rödd hans þegar hann segir frá því að hann eigi núna þrjá vini á Íslandi.

Osama sagði það erfiðasta við að flytja til Íslands væri veðrið en hann sagði: „örlítið veðrið, en það breytti ekki skoðun minni. Það mikilvægasta er að eignast líf, einhverstaðar þar sem ég get verið öruggur og haft mín mannréttindi“. Mohammad fannst menningarmunurinn erfiðastur af þeim þremur en hann sagði: „Það er fyrsta erfitt culture og tungumál. Að því sem þú flytja ég koma frá þessa landi allt er mismunandi í lífi mínu aldrei er ég búinn að sjá svona uu culture og tungumál ég skildi ekki“. Þeir voru allir sammála um það að tungumálið væri erfitt að læra þar sem það er mjög ólíkt þeirra móðurmáli. Þar kom þó fram að þeir fengu allir hjálp við að læra íslensku við málaskólann Mími eða aðra stofnun og hafði Mohammad til að mynda náð góðum tókum á málinu.

Þó að þeir væru á því að það væri munur á menningu Íslands og þeirra heimalands sögðu allir viðmælendur að þeim liði vel á Íslandi og að þeir höfðu vanist menningunni, eða eins og Mohammad sagði: „Rosa öðruvísi...en núna fyrir mig allt í lagi“.

4.2 Fordómar

Eins og áður hefur komið fram þá höfðu allir viðmælendur upplifað fordóma af hálfu Íslendinga eftir komuna til landsins. Þeir höfðu því mismunandi sögur að segja hvar þeir urðu fyrir fordómum, undir hvaða kringumstæðum og hvernig þeir birtust. Asar sagði frá því að hann hefði orðið fyrir fordómum þrisvar sinnum á sex mánuðum. Hann sagði frá því þegar einstaklingur gerði lítið úr tungumálakunnáttu hans og þegar annar skvetti vatni framan í hann. Asar segir: „Ég get sagt þrisvar á sex mánuðum...ég tala smá íslensku en ekki reiprennandi og einn gaur sagði að ég ætti að fara heim til mín...annar spurði hvaðan ég væri og ég sagði Mið-Austurlöndum og þá opnaði hann vatnsflösku og skvetti framan í mig“. Það tók mikið á Asar að segja frá þessu en hann virtist leiður þegar hann sagði þessa sögu. Osama fannst hann ekki finna mikið fyrir fordómum en það væri þá helst að Íslendingar vildu ekki tala við litað fólk. Hann kvaðst þó skilja það og fannst ekki rétt að kalla það fordóma heldur vildi hann frekar nota orðið þjóðernishyggja. Bæði Osama og Mohammad virtust ekki taka fordóma mikið inn á sig en Asar virtist taka þetta meira inn á sig þó hann hafi reynt að láta lítið fyrir því fara. Þeim fannst þetta þó ekki skipta miklu máli í stóra samhenginu eða eins og Mohammad orðaði það þegar hann var spurður hvort hann fyndi fyrir fordómum: „Jú ég er búinn að finna það en fyrir mig þá er það er allt í lagi...það skiptir ekki máli allt í lagi það er ekki minn vandamál að þú ert racist...allt í lagi ef þú villt vera racist það er allt í lagi“. Það að þeir hafi ekki látið á því bera að þetta færi fyrir brjóstið á þeim, þýðir ekki að svo sé. Það geta aðrir hlutir legið að baki eins og að þeir séu orðnir vanir því að verða fyrir fordómum og að þeir séu hættir að kippa sér upp við það.

4.3 Opinber aðstoð

Í viðtölunum kom fram að viðmælendur voru allir stöðvaðir af lögreglu á Keflavíkurflugvelli og sóttu allir um hæli þar. Asar var þó handtekinn við móttökuna fyrir að sýna fölsuð skilríki og þurfti að sitja í fangelsi í tvær vikur. Hann lýsti þeirri reynslu sem einni þeirri verstu sem hann hafði upplifað. Hann upplifði mikla hræðslu þegar hann var handtekinn þar sem að hann vissi ekki hvar hann var þegar hann kom til landsins og vissi

ekki hvort hann gæti treyst lögreglunni. Málsmeðferð þeirra allra þriggja gekk frekar hratt fyrir sig eða frá einum mánuði upp í sjö og sögðust þeir allir hafa fengið stuðning frá ríkinu á meðan á henni stóð.

Viðmælendur sögðu allir frá því að þegar þeir komu til landsins hafi þeir fengið aðstoð við flestallar grunnþarfir sínar eða eins og Osama sagði: „Þegar ég kom hingað þá gaf félagsþjónustan (e. social services) okkur heimili og allt...ég fékk Bónuskort fyrir mat“. Það var þó misjafnt hversu lengi þeir fengu aðstoð, en allir fengu þeir aðstoð þar til að þeir fengu hæli. Asar sagðist hafa fengið aðstoð fyrsta mánuðinn á meðan Osama sagðist hafa fengið aðstoð fyrstu sex til sjö mánuðina. Það var þó ekki svo að þeir væru allir sáttir með stuðninginn en Asar var ekki ánægður með þann stuðning sem hann fékk. Hann sagði frá því að félagsráðgjafinn hans hefði ekki veitt honum þann stuðning og hjálp sem hann þurfti. Asar sagði: „Ef við (flóttamenn) erum ókunnugir í nýju landi og ekki frá Evrópu...við allir ættum að hafa góðan félagsráðgjafa, minn félagsráðgjafi var ekki góður. Félagsráðgjafinn minn svaraði mér ekki og hjálpaði mér ekkert“. Reiði var augljós í andliti Asar þegar hann sagði frá þessari upplifun sinni af kerfinu. Hann var augljóslega ósáttur en þegar hann fór að tala aftur um vini sína þrjá og hvernig þeir höfðu hjálpað honum þá varð hann rólegri. Varðandi hjálp við að læra íslensku sögðu allir viðmælendur frá því að þeir fengju aðstoð við það og að sú aðstoð hefði ekki hætt við hælisleitingu eða eins og Osama sagði: „Ég er í Tækniskólanum og Mímir þar á undan“.

Þegar umræðan var færð yfir í umsóknarferlið og hvernig það hefði gengið fyrir sig voru bæði Asar og Osama sammála um að hlutirnir mættu vera skýrari og að þeir hefðu þegið meiri aðstoð. Asar segir: „þeir gáfu mér ekki skýr svör þegar ég var að spyrja um kennitölu eða ferðagögn eða annað. Þeir gefa ekki skýr svör þeir segja í næstu viku“. Asar virtist vera frekar pirraður yfir þessum málum og var ósáttur við að geta ekki fengið nákvæm svör við þeim spurningum sem að hann lagði fram.

4.4 Ótti og óöryggi

Þegar viðtölin voru skoðuð með áherslu á ótta og óöryggi kom í ljós að allir viðmælendur höfðu á einhverjum tímamarki verið í vinnu eftir komuna til Íslands. Tveir af viðmælendum sögðu að það hefði verið lítið mál að fá vinnu en Mohammad lýsti því svo: „Fyrir mig, neineinei rosa ekki erfitt að finna vinnu fyrir mig það er ekki erfitt“. Hins vegar sagði Asar frá því að hann hefði átt í miklum vandræðum með að finna vinnu. Hann sagði

frá því, eins og fram kom að ofan, að hann var ekki sáttur með stuðninginn sem hann fékk og hann hefði viljað fá meiri hjálp við atvinnuleit. Asar segir: „Fyrir mig þá var erfitt að finna vinnu...Til að bæta stöðuna þá á atvinnumiðstöð (e. Job centre) að hjálpa okkur, það ætti að vera atvinnumiðstöð til að hjálpa okkur“.

Þegar farið var yfir viðmót vinnuveitenda þá voru viðmælendur ekki á sama máli hvort að það væri gott eða slæmt. Osama og Mohammad fannst það vera gott en Asar hafði aðra sögu. Asar segir:

Ég vann á veitingastað...fólkið þar var svo fordómafullt, þegar við borðuðum skipti það um sæti (til að sitja ekki hjá honum) og þegar ég sagðist vera verkfræðingur þá hló það að mér og sagði mig vera að ljúga...ég fékk nýtt starf hjá manni frá Afríku...hann rak mig og hræddi mig mikið, hann sakaði mig um að stela frá sér...hann sagði að ég yrði rekinn úr landi og að málið færi fyrir dómstóla.

Asar var mikið niðri fyrir þegar hann lýsti þessum ótta og óöryggi sem hann bjó við á þessum tíma. Hann sagði að þetta hafi verið gríðarlega erfið lífsreynsla en hann var mjög ánægður með að þessum hluta lífs síns var lokið.

5 Umræður

Komið hefur fram að viðmælendur hafi aðlagast samfélaginu misvel. Mikilvægt er að ná að koma sér fyrir í nýju landi og aðlaga sig að nýjum venjum og siðum. Tungumálið er stór partur af því en einn af þremur viðmælendum talaði ágætis íslensku, annar sagðist skilja íslensku en ekki tala hana og sá þriðji talaði ekki íslensku né skildi mikið þegar talað var við hann. Asar var sá sem hafði lært minnst í íslensku og hann var einnig sá sem virtist eiga í mestum vandræðum með að aðlagast. Það er í takt við rannsóknir Feng Hou og Morton Beiser (2006) sem rannsökuðu áhrif tungumálakunnáttu á aðlögun flóttamanna og komust að því að þeir sem lærðu tungumálið áttu auðveldara með að aðlagast.

Fordómar virtust hafa lítil áhrif á Osama og Mohammad þó að erfitt sé að segja til um hversu mikil áhrif fordómar hafi í raun á þá. Fordómar eru stórt og viðkvæmt umræðuefni og oft getur verið erfitt að opna sig við ókunnugan aðila um hvernig upplifunin er raunverulega. Svipbrigði þeirra tveggja gætu bent til þess að það sé meira á bakvið frásagnir þeirra heldur en þeir vildu láta upp, en Mohammad brosti og hló á meðan Osama var alvarlegur á svip. Hlátur Mohammad gætu túlkast sem varnarviðbrögð en erfitt er að greina það. Asar hins vegar var þungur á brún og virtist vera frekar dapur þegar hann sagði frá reynslu sinni af fordómum. Sú staðreynd að þeir höfðu allir orðið fyrir fordómum styður rannsókn sem Fjölmenningarsetur vann í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands og Félagsvísindastofnun HÍ um fordóma gagnvart innflytjendum á Íslandi (Elsa Arnardóttir og Rúnar Helgi Haraldsson, 2014). Það hversu lítil áhrif fordómar virtust hafa á Osama og Mohammad er á skjön við skýrslu Félagsmálaráðuneytisins þar sem fordómar voru taldir hafa mikil áhrif á aðlögun flóttamanna í formi atvinnuleitar og tengsla við landið. (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Aðstoð frá hinu opinbera hjálpar flóttamönnum að koma undir sig fótunum og aðlagast nýjum aðstæðum. Bein tenging virðist vera á milli aðlögunar og stuðnings, en bæði Mohammad og Osama fengu meiri aðstoð og í lengri tíma en Asar. Það er líka svo að Asar er sá eini, af þeim þrem, sem var ósáttur með aðstoðina sem hann fékk á meðan Mohammad og Osama voru ánægðir og þakklátir fyrir stuðninginn. Þetta styður það sem fram hefur komið í rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið. Þar hefur komið fram að aðstoð við að koma sér fyrir er mikilvægur hluti af aðlögunarferlinu og hjálpar flóttafólki mikið í að ná tökum á breyttum aðstæðum (Streeck, 2016)

Atvinna er veigamikill þáttur af aðlögunarferli flóttamanna. Viðtöl við flóttamenn sýndu að þeir áttu miserfitt með að fá vinnu, þar sem tveir sögðust hafa fengið vinnu auðveldlega á meðan sá þriðji, Asar, fannst hann ekki vera metinn af eigin verðleikum og átti erfitt með að finna vinnu. Frásögn Asar styður rannsóknir um það hversu erfitt getur verið fyrir innflytjendur að fá vinnu við hæfi og að fordómar geta útilokað fólk frá vinnumarkaði (Bloch, 2007).

Þegar öll þemun eru dregin saman þá bendir margt til þess að allir þessir þættir hafi áhrif á aðlögun flóttamanna og samspil þeirra er mikilvægt í aðlögunarferlinu. Tveir af þremur viðmælendum töldu sig hafa náð að aðlagast vel og er líkleg skýring sú að þeir hafa báðir náð ágætis tókum á tungumálinu, eru með vinnu og fengu góða aðstoð. Á móti kemur hefur Asar ekki náð að aðlagast vel og má það rekja til þess að hann talar hvorki né skilur tungumálið vel, hann er ekki með atvinnu og fékk minnstan stuðning frá hinu opinbera af þeim þremur. Þó hann hafi náð að aðlagst þeim menningarmun sem er á milli Íslands og hans heimalands þá bendir margt til þess að til að aðlagast þurfi að aðlagast á öllum ofangreindum sviðum til þess að koma sér sem best fyrir í nýju landi.

Þegar litið er yfir kenningar Berry (1997) um samlögun, samþættingu, aðskilnað og einangrun þá virðast allir viðmælendur reyna að aðlagast með því að ná tókum á nýrri menningu og halda í sína eigin. Þeir hafa allir reynt að aðlagast nýju landi með því að reyna að læra tungumálið, eignast íslenska vini og tveir af þremur eru í vinnu. Þó að þeir hafi ekki getað búið í sínu heimalandi þá töluðu allir viðmælendur af stolti um sitt land og reyndu að halda sambandi við ættingja og vini í heimalandinu. Þetta bendir til þess að þeir vilji og séu að reyna að halda tengslum við menningu heimalandsins á meðan þeir reyna að aðlagast nýrri menningu sem er í takt við samþættingarstig Berry (1997). Samkvæmt kenningu hans þá er samþætting sú leið sem hefur reynt best þó að það geti verið erfitt að halda tengslum við tvo menningarheima.

Það er þó ekki nóg fyrir fólk að aðlagast nýju samfélagi heldur þarf samfélagið að leyfa þeim að aðlagast. Með því er átt við að til þess að geta aðlagast þarf samfélagið að taka á móti einstaklingum með opnum örmum og ekki mismuna þeim eða útiloka (Hanasono, Chen og Wilson, 2014). Það hefur komið í ljós að allavega einn af viðmælendum hefur orðið fyrir mismunun sem hefur aftrað honum í að aðlagast landinu. Upplifun hans af Íslandi hefur skaðast vegna aðgerða einstaklinga sem hafa ekki viljað taka honum sem

jafningja. Þetta styður við rannsóknir sem hafa verið gerðar um aðlögun hælisleitenda og hvernig þeir þurfa að upplifa sig velkomna til þess að aðlagast sem best (Hanasono, Chen og Wilson, 2014).

6 Lokaorð

Rannsókn þessi var byggð á eiginlegri rannsóknaraðferð. Ekki er æskilegt að draga víðtækar ályktanir af niðurstöðum þar sem þessi rannsókn er ekki stór í sniðum og viðmælendur einungis þrír. Markmiðið var að skoða hvernig þrír flóttamenn frá Mið-Austurlöndum upplifa dvöl sína í nýju landi og gáfu viðtölin ákveðnar vísbendingar í því máli.

Niðurstöður rannsóknarinnar fara á sama veg og aðrar rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið um aðlögun flóttamanna. Áhugavert var að sjá að það virtist vera tenging á milli flokkanna fjögurra og hvernig aðlögun gekk hjá flóttamönnum. Þessir fjórir flokkar virðast tvinnast saman og niðurstöður benda til þess að ekki að sé nóg að aðlagast bara í einum flokki heldur skipta þeir allir máli.

Það sem kom þó mest á óvart var hversu rólegir tveir af viðmælendum voru yfir þeim fordómum sem þeir urðu fyrir og hvað það virtist vera eðlilegur hluti af lífi þeirra. Það væri áhugavert að rannsaka það betur og skoða hvort þetta sé það sem þeim virkilega finnst eða hvort að þetta hafi djúpstæð áhrif á þá.

Einnig var áhugavert að heyra að þrátt fyrir að reglugerðir segi til um að aðstoð til flóttamanna eigi að vara í eitt ár eftir komu þeirra til landsins þá virðist það ekki gilda um alla heldur einungis um kvótaflóttamenn. Það væri áhugavert að skoða það mál betur og rannsaka hver munurinn á aðlögun kvótaflóttamanna og annarra flóttamanna er.

Áhugavert væri að framkvæma þessa rannsókn með fleiri þátttakendum til að fá marktækari niðurstöðu. Ekki væri síst áhugavert að jafna kynjahlutfallið í rannsókninni þar sem að í þessari rannsókn var einvörðungu rætt við karlmenn.

Heimildaskrá

- Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna nr. 74/1955.
- Bauder, H. (2003). „Brain Abuse“, or the devaluation of immigrant labour in Canada. *Antipode*, 35(4), 699-717.
- Berry, J. W. (1997). Immigration, acculturation and adaptation. *Applied Psychology*, 46, 5-34.
- Betts, A. (2009). *Forced migration and global politics*. Chichester: Wiley-Blackwell.
- Bloch, A. (2007). Refugees in the UK labour market: The Conflict between Economic Integration and Policy-led Labour Market Restriction [Rafræn útgáfa]. *Journal of Social Policy*, 37, 21-36.
- Byrne, M. (2016). Determinants of forced migration: The varying effects of violence and economic conditions on Syrian refugee flight. Sótt 29. apríl 2017 af <https://jscholarship.library.jhu.edu/bitstream/handle/1774.2/40168/Maureen%20Byrne.pdf?sequence=1&isAllowed=y>.
- Elsa Arnardóttir og Rúnar Helgi Haraldsson. (5. apríl, 2014). *Origin and multiple discrimination*. Sótt 28. apríl 2017 af <http://www.mcc.is/media/frettir/Progress-skyrsla-mcc--2.pdf>.
- English Oxford Living Dictionaries. (e.d.). *Definition of racism in english*. Sótt 16. apríl 2017 af <https://en.oxforddictionaries.com/definition/racism>.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.
- European Commission. (2010, apríl). Handbook on Integration for policy-makers and practitioners. Sótt 15. apríl 2017 af http://euinfo.rs/files/biblioteka-srp/06_Vodic_kroz_inegracije.pdf.
- Eyjan. (2008, 11. ágúst). Allt að verða tilbúið fyrir 29 palestínska flóttamenn á Akranesi. *Eyjan*. Sótt 17. apríl 2017 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2008/08/11/allt-ad-verda-tilbuid-fyrir-29-palestinska-flottamenn-a-akranesi/>.
- Félagsmálaráðuneytið. (2005, apríl). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Sótt 15. apríl af https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf.
- Gottschalk, P og Greenberg, G. (2008). *Islamophobia: Making muslims the enemy*. Maryland: Rowman & Littlefield Publishers, Inc.
- Hegarty, A og Leonard, S (Ritstjórar). (1999). *Human Rights: An agenda for the 21st century*. London: Cavendish Publishing Limited.

- Hanasono, L. K., Chen L. og Wilson S. R. (2014). Identifying communities in need: Examining the impact of acculturation on perceived discrimination, social support, and coping amongst racial minority members in the United States. *Journal of International and Intercultural Communication*. 7, 216-237.
- Hosseini-Kaladjahi, H. (1997). *Iranians in Sweden: economic, cultural and social integration*. Sótt 4. mars 2017 af <http://www.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A373868&dswid=article>.
- Hou, F og Beiser, M. (2006). Learning the language of a new country: A ten year study of English acquisition by South-East refugees in Canada [Rafræn útgafa]. *International Migration*, 44, 135-166.
- Innanríkisráðuneytið (18. janúar, 2016) *Alls sóttu 354 einstaklingar um vernd á Íslandi á síðasta ári*. Sótt 29. apríl 2017 af <https://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/354-sottu-um-vernd-a-islandi-a-sidasta-ari>.
- Júlíana Einarsdóttir. (2013). *Stuðningur við flóttamenn á Íslandi: Aðlögun að íslensku samfélagi*. Sótt 9. maí 2017 af http://skemman.is/stream/get/1946/15112/36501/1/J%C3%BAI%C3%ADana_Einarsd%C3%B3ttir.pdf.
- Kincheloe, J. L. og Steinberg, S. R. (Ritstjórar). (2004). *The miseducation of the West: How schools and the media distort our understanding of the Islamic world*. Connecticut: Praegers Publishers.
- Lanigan, R. L. (1988). *Phenomenology of communication*. Pittsburgh, PA: Duquesne University Press.
- Lög um útlendinga nr. 80/2016.
- Martin, J. N. og Nakayama, T. K. (2014). *Intercultural communication in contexts*. New York: McGraw-Hill.
- Merriam–Webster. (e.d.). *Definition of integration*. Sótt 15. apríl 2017 af <https://www.merriam-webster.com/dictionary/integration>.
- Morgan, G. og Poynting, S. (Ritstjórar). (2016). *Global islamophobia: Muslims and moral panic in the west*. New York: Routledge.
- Orbe, M. P. (1998). *Constructing co-cultural theory: An explication of culture, power, and communication*. Thousand Oaks, CA: Sage Publication, Inc.
- Pettigrew, T. F. (2017). *Journal of Social and Political Psychology*. *Social psychological perspectives on Trump supporters*, 5, grein 750. Sótt 16. apríl 2017 af <http://ispp.psychopen.eu/article/view/750/html>.
- Reglugerð um útlendinga nr. 53/2003.

- Ritstjórn Kvinnablaðsins. (2017, 10. janúar). Stjórnarsáttmáli Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. *Kvinnablaðið*. Sótt 17. apríl 2017 af <http://kvinnabladid.is/2017/01/10/stjornarsattmali-sjalfstaedisflokks-vidreisnar-og-bjartar-framtidar/>.
- Sharp, D (Ritstjóri). (1994). *Teaching-and-learning language-and-culture*. Great Britain: WBC ltd.
- Sheridan, L.P. (2006). *Islamophobia Pre- and Post- September 11th, 2001*. Sótt 16. apríl 2017 af <http://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/0886260505282885>.
- Streeck, W. (2016). *Exploding Europe: Germany, the refugees and the British vote to leave*. Sheffield: Sheffield Political Economy Research Institute.
- Stjórnatíðindi. (2001, mars). *Auglýsing*. Sótt 17. apríl 2017 af <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=cbbda84d-82aa-45b9-adfe-3547380094b7>.
- Taylor, E. B. (1974). *Primitive Culture: researches into the development of mythology, philosophy, religion, art and custom*. New York: Gordon Press.
- United Nations High Commissioner for Refugees. (e.d.). *State Parties to the 1951 convention relating to the status of refugees and the 1967 Protocol*. Sótt 30. mars 2017 af <http://www.unhcr.org/protect/PROTECTION/3b73b0d63.pdf>.
- United Nations High Commissioner for Refugees. (e.d.). *Convention and protocol relating to the status of refugees*. Switzerland: United Nations.
- United Nations High Commissioner for Refugees. (Júní, 2016). *Figures at glance*. Sótt 22. apríl 2017 af <http://www.unhcr.org/figures-at-a-glance.html>.
- Útanríkisráðuneytið. (e.d.). *Almennar upplýsingar um Schengen*. Sótt 17. apríl 2017 af <https://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/schengen/nr/9>.
- Útlendingastofnun. (e.d.). *Algengar spurningar*. Sótt 30. mars 2017 af <http://www.utl.is/index.php/algengar-spurningar>.
- Velferðarráðuneytið. (2013). *Viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks*. Sótt 14. apríl 2017 af <https://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/flottafoolk/mottaka/nr/4548>.
- Velferðarráðuneytið. (e.d.). *Flóttafólk*. Sótt 16. apríl 2017 af <https://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/flottafoolk/mottaka/nr/2265>.
- Velferðarráðuneytið. (2008). *Upplýsingar um móttöku íslenskra stjórnvalda á hópum flóttafólks*. Sótt 17. apríl 2017 af <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3822>.

Fylgiskjal 1: Viðtalsrammi

- Hvaðan ertu?
- Komstu einn? Eða með fjölskyldu/vinum?
- Hvað hefur þú verið lengi á Íslandi?
- Hvernig var tekið á móti þér þegar þú komst til landsins?
- Hvernig myndir þú lýsa þeim stuðning sem þú hefur fengið? (Hjálp við íbúðaleit, að læra tungumálið)
- Hvernig finnst þér umsóknarferlið hafa virkað þegar þú komst og sóttir um hæli? (löng bið, stuðningur a biðtíma)
- Hvað hefur verið erfiðast við flutninginn til Íslands?
- Hvernig hefur gengið að fá vinnu?
- Hvernig upplifir þú viðhorf vinnuveitenda til hælisleitenda?
- Hvernig móttökur hefur þú fengið frá Íslendingum?
- Finnur þú fyrir fordómum í samfélaginu? Hvaðan?
- Hver finnst þér vera helsti munurinn á íslenskri menningu og íslensku samfélagi og þínu fæðingarlandi?
- Hvernig hefur þín upplifun verið af viðhorfi Íslendinga gagnvart hælisleitendum?
- Hvernig er Ísland miðað við væntingar? Hvaða væntingar hafðir þú til landsins? Við hverju bjóstu?
- Hvernig upplifir þú samskipti við samstarfsfólk?
- En við nágranna?
- Eða fólk í verslunum og úti á götu?
- Sérðu fyrir þér að vera á Íslandi til frambúðar? Af hverju?